

Nd.

582. Frumvarp til laga

[282. mál]

um breytingu á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Flm.: Sverrir Sveinsson, Pálmi Jónsson, Ragnar Arnalds,
Jón Sæmundur Sigurjónsson.

1. gr.

Fyrri málsgrein 6. gr. laganna falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum um síldarverksmiðjur ríkisins, nr. 1 frá 5. jan. 1938, er gert ráð fyrir því samkvæmt fyrri málsgrein 6. gr. að ákvarðanir um uppbyggingu og endurbætur verksmiðjanna séu í höndum Alþingis:

„Verksmiðjustjórninni er óheimilt, án samþykktar Alþingis, að auka við verksmiðjurnar nýjum vélum eða mannvirkjum umfram það sem nauðsynlegt er til þess að tryggja öruggan og hagfelldan rekstur þeirra vinnslutækja sem fyrir eru.“

Á þeim tíma hefur sjálfsagt verið full þörf fyrir þessa grein laganna, enda voru síldarverksmiðjur ríkisins stóriðja þess tíma og nánast einráðar um vinnslu fiskimjols og lýsis í landinu.

Nú, réttum 50 árum síðar, stingur þessi grein í stúf við almennt viðhorf manna til reksturs fyrirtækja sem eru í harðri samkeppni við innlend og erlend fyrirtæki á sama sviði og brýtur í bága við þá almennu skoðun að Alþingi skuli fara með löggjafarvaldið en ekki framkvæmdarvaldið. Og jafnvel þó að fyrri málsgrein 6. gr. laganna verði felld niður hefur Alþingi öll ráð síldarverksmiðjanna í hendi sér þar sem það kýs fimm af sjö stjórnarmönnum fyrirtækisins og eftir stæði síðari málsgrein 6. gr. laganna:

„Til allra meiri háttar framkvæmda skal jafnan leita samþykkis ráðherra og leggja fyrir hann ítarlega greinargerð og kostnaðaráætlun.“

Eins og mönnum er kunnugt er fiskimjölsiðnaðurinn mjög sveiflukenndur að því er varðar afla og markaðsverð afurðanna. Til þess að rekstur fyrirtækja á þessu sviði verði farsæll er nauðsynlegt að geta tekið skjótar ákvarðanir og nánast ókleift að reka slík fyrirtæki ef bíða þarf ákvarðana Alþingis um uppbyggingu og endurbætur verksmiðjanna. Um þetta þarf ekki að fara mörgum orðum — það hlýtur að vera öllum augljóst.

Þó að þessari grein laganna um síldarverksmiðjur ríkisins verði nú breytt þyrfti hið fyrsta að semja ný lög um verksmiðjurnar þar sem löggin eru löngu orðin úrelt þótt þetta ákvæði skeri sig nokkuð úr að því leyti.